

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

1. gr.

100. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 445/1977, orðist svo:

Lögreglustjórar eða gjaldheimtur, sbr. lög nr. 68/1962, skulu innheimta tekju- og eignarskatt.

Á þann hátt, er hér segir, skal innheimta fyrirfram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi 75% — sjötiuogfimm af hundraði — þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár:

1. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð er nemi 75% — sjötiuogfimm af hundraði — þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Nú hafa tekjur gjaldanda á gjaldárinu verið a.m.k. 30% lægri en á næsta ári áður, eða ástæður hans hafa versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megí þess að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafist lækkunar á greiðslum samkvæmt þessum tölulið. Skattstjóri ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar álagningu lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álögðum sköttum nemur, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem féð var í vörslum innheimtumanns.

2. Álagða skatta, að frádregnu því, sem greiða ber skv. 1. tölulið, ber gjaldanda að greiða með fimm sem næst jöfnum greiðslum þann 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.
3. Vangreiðsla að hluta samkvæmt þessari grein veldur því, að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé skattur hækkaður svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir 1. ágúst eða 1. dag næsta mánaðar eftir álagningu, fari hún seinna fram, telst sú skatthækkun í gjalddaga fallin 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina, og skal hún tilkynnt í ábyrgðarpósti.

Taka má skatt lögtaki ásamt dráttarvöxtum hjá gjaldanda sjálfum eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslu hans, sbr. 102.—108. gr. og 1. mgr. 109. gr.

Kæra frestar ekki greiðsluskyldu né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu skatts, en ef skattur er lækkaður eða felldur niður, skal endurgreiðsla þegar fara fram, sbr. 98. gr. Dráttarvexti má einnig endurgreiða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum í 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973 og 55. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 21. gr. laga nr. 7/1972, öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 445/1977.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1978.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.